

Mótorhjól

LAUGARDAGUR 29. APRÍL 2017

Kynningar: Sniglar Klettur Reykjavík Motorcenter



Vorhátíð bifhjólafólks

Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglarnir, halda í sinn árlega hópakstur 1. maí. Bifhjólafólk á um þúsund mótorhjólum af ýmsu tagi ekur þá hring í borginni til að fagna vorkomunni og minna á þau baráttumál sem helst brenna á samtökunum. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Þessi árlega hópkeyrsla er orðin eins konar vorhátíð bifhjólafólks,“ segir Njáll Gunnlaugsson, formaður Sniglanna, en samtökin hafa staðið fyrir slíkum hópakstri í nærri þrjá áratugi, nánast frá stofnun Sniglanna. Hópurinn sem mætir hefur þó stækkað mikið undanfarin ár og nú stefnir í að um þúsund mótorhjól af öllu tagi af ýmsum stöðum á landinu fylli götur borgarinnar á mánudaginn.

„Hópkeyrslan verður með sama sniði og undanfarin ár. Hjólin safnast saman á Laugavegi upp úr klukkan 11 og leggur hópurinn af stað klukkan 12.30. Ekið er niður Bankastrætið og Lækjargötu til vinstri, inn Vonarstrætið og upp Suðurgötuna. Hringbraut er svo ekin í vestur og Ánanaustin yfir á Geirsgötu, fram hjá Hörpu,“ lýsir Njáll og bendir bifhjólafólki á að sýna sérstaka aðgæslu, bæði vegna framkvæmda sem þar standa yfir sem og hópa ferðamanna sem ekki viti af viðburðinum. „Hópurinn þræðir svo Sæbraut að Kringlumýrarbraut þar sem hún beygir inn á Kirkjusandinn frá Sundlaugarvegi,“ segir Njáll en þetta verður í síðasta sinn sem endastöðin verður á Kirkjusandi vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar.

Húllumhæ á Kirkjusandi

„Á Kirkjusandi verður skemmtileg dagskrá. Gestum og gangandi er boðið að skoða mótorhjólin og svo verða ýmsar skemmtilegar uppákomur. Til dæmis ætlar Pólverjinn Damien Sarapuk að sýna listir sínar á götuhjólí og vonir standa

til að nokkrir íslenskir strákar á klifurmótorhjólum mæti á svæðið. Sú dagskrá hefst klukkan 13.30.“ Njáll bendir á að þeir sem komi á bíl geti lagt á malarplaninu næst Laugarnesvegi. „Bestu staðirnir fyrir þá sem vilja fylgjast með hópkeyrslunni eru við Sæbraut og þá sérstaklega á hljóðmönunum nálægt Sólfarinu.“

Mikil vinna liggur að baki skipulagningu svo stórs hópaksturs en Njáll segir um 40 til 50 manns koma að vinnunni, bæði við undirbúning og á daginn sjálfan. „Við munum til dæmis njóta aðstoðar bifhjólaklúbbsins Gaflara úr Hafnarfirði við stjórn akstursins en gæslumenn og -konur verða á öllum þeim gatnamótum þar sem farið er um auk þess sem hópurinn fær lögreglu-fylgd.“

Hópaksturinn hefur gengið vel síðustu ár en Njáll biður ökumenn þó að sýna bifhjólafólkinu tillitsemi meðan á akstrinum stendur.

„Auk þess vorum við svo heppin í ár að hópkeyrslan var tilefni til gerðar verkefnaáætlunar í vinnuhópi nema í verkefnastjórnun hjá Háskólanum í Reykjavík. Úr var greinargöð skýrsla og áætlunargerð sem mun nýtast til frambúðar.“

Vilja breyta umferðarlögum

Hópakstrinum þann 1. maí er fyrst og fremst ætlað að minna aðra ökumenn á að bifhjólin séu komin á göturnar, en einnig til að skerpa á þeim fjölmörgu baráttumálum sem samtökin berjast fyrir.

„Sniglar hittu nýskipaðan ráðherra samgöngumála, Jón Gunnarsson, fyrir nokkrum vikum og fóru yfir hagsmunamál sín. Á síðastliðnum árum hafa Sniglar

eytt miklu þúðri í að fá drögum að umferðarlögum breytt til hagsbóta fyrir bifhjólafolk og náð góðum árangri í þeim efnum. Þess vegna er okkur farið að lengja eftir að þau líti dagsins ljós en ráðherra lofaði að fari að sjá til sólar í þeim efnum og að þau verði að öllum líkindum lögð fram á haustþingi,“ segir Njáll.

Betri tryggingar og breytt skoðunarhandbók

Tryggingamál hafa lengi verið bifhjólafólki hugleikin. „Sífelld er verið að skilgreina skilmála tryggingarfélaganna, eins og að bifhjólafolk megi ekki lána hjólin sín og svo framvegis. Þá þarf engan að undra þótt við spyrjum hvort tryggingarskilmálum. Sem dæmi má nefna að margir eiga fleiri en eitt mótorhjól, og ef viðkomandi má ekki lána hjólið sitt þarf hann þá nokkuð að borga slysatryggingu ökumanns og eiganda nema einu sinni, en ekki af öllum hjólunum? Sú trygging er stærsti hluti tryggingariðgjaldsins og skiptir eigendur bifhjóla verulegu máli.“

Njáll nefnir einnig endurskoðun skoðunarhandbókar fyrir mótorhjól sem bið hefur orðið á. „Við lýsum yfir vilja okkar til að setjast niður með Samgöngustofu til að klára þessi mál. Má þar nefna tillögu um minni gerð skráningarmerkja sem passar betur aftan á mótorhjólin en þessi stóru merki sem eru í sömu stærð og á mörgum bílum í dag.“

Er illa við víravegrið

Sniglar hafa verið í góðu samstarfi við Vegagerðina á undanförunum árum og samið meðal annars handbækur um bifhjólavænt vegumhverfi og skilað skýrslu um núllsýn á Þingvallavegi en þar varð dauðaslys í fyrra þegar ungur bifhjólamaður lét lífið eftir árekstur við vegrið. „Okkur er farið að lengja eftir áþreifanlegum aðgerðum eins og undirakstursvörnum. Tökum sem dæmi Kambana þar sem notast er við víravegrið í alltof þröngum aðstæðum. Bifhjólafólki er mjög illa við víravegrið þar sem stólpar þeirra eru mjög illa varðir og við viljum helst ekki sjá þau á vegunum. Það er því algjört lágmark að notast við undiraksturs-



Njáll Gunnlaugsson, formaður Sniglanna, segir baráttumál bifhjólasamtakanna fjölmörg. MYND/EYÞÓR

varnir á stöðum sem þessum að okkar mati.“

Ekkert prófsvæði í höfuðborginni

Njáll bendir á að aksturskennslusvæði fyrir mótorhjól verði engin á höfuðborgarsvæðinu þegar Kirkjusandur verður lagður af sem prófsvæði. „Eina skipulagða kennslu- og prófsvæði fyrir mótorhjól verður þá á Akureyri. Það finnst okkur að sjálfsögðu ótækt og nauðsynlegt að gera úrbætur í þeim efnum með öryggi próftaka í huga.“

Mörg önnur mál eru í deigluinni hjá Sniglum, líkt og réttindamál og hinar svokölluðu gangstéttarvespur. „Við viljum hvetja fólk til að skoða heimasíðuna okkar á sniglar.is og þar má meðal annars finna samantekt á baráttumálum okkar síðustu þrjá áratugina. Besta leiðin til að styrkja samtökin er að ganga í þau en á forsiðunni er umsóknarform. Einnig verða haldnir vikulegir fundir á miðvikudagskvöldum klukkan 20 í félagsheimili Sniglanna í Skeljanesi, yst í Skerjafirði.“

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



Slysum á bifhjólamönnum hefur fjölgað.

Aftur fjölgun á slysum hjá bifhjólamönnum

Bifhjólamaðurinn héldu fund á fimmtudagskvöld þar sem Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur hjá Samgöngustofu, lagði fram tölur um slys hjá bifhjólamönnum. Þar kom fram að á síðasta ári jókst fjöldi slasaðra og látinna bifhjólamanna og er það um 42% fjölgun á milli ára. Árið 2016 urðu 47 slys á bifhjólamönnum en þau voru 33 árið 2015. Átján manns létust í umferðinni á síðasta ári og af þeim voru tveir bifhjólamaður.

Skráðum þungum bifhjólum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Bifhjólamönnum sem slasast alvarlega eða lást á

slíkum hjólum hefur fækkað hlutfallslega ef tekið er mið af heildarfjölgun þeirra sem aka slíkum hjólum. Í útreikningum Samgöngustofu kemur fram að flest slysin verða í júní, júlí og ágúst. Af þeim 78 sem slösuðust á léttu bifhjóli á árunum 2007-2016 voru 16 sem slösuðust alvarlega eða létust, það er 21%. Hlutfallið er hærra, eða 41% þegar kemur að þungum bifhjólum en samtals slösuðust 626 ökumenn þungra bifhjóla en 259 þeirra slösuðust alvarlega eða létust.

Á fundinum var brýnt fyrir ökumönnum bifhjóla að vera vel útbúnir, sjáanlegir og tillitssamir.



KTM eru mest seldu mótorhjólin á Íslandi.

Sérpöntun



Super Duke 1290 R 2.779.000,-



Fylgstu með okkur á

Facebook

KTM Ísland

Á lager



Æfingahjól 2-5 ára 14.900,-

Á lager



Duke 390 990.000,-

Sérpöntun



Adventure 1290 T 2.879.000,-

Sérpöntun



Adventure 1290 R 2.879.000,-

Sérpöntun



Adventure 1290 S 2.779.000,-

Á lager



Adventure 1090 2.349.000,-

Sérpöntun



Adventure 1090 R 2.449.000,-

Á lager



450 EXC 1.779.000,-

Gylfaflöt 16-18 - 112 Reykjavík - S: 586-2800



Á lager



Enduro 701 1.839.000,-

Á lager



Æfingahjól 2-5 ára 14.900,-



Fylgstu með okkur á

Facebook

**Husqvarna
Mótorhjól
á Íslandi**

Á lager



Enduro 701 1.839.000,-

Husqvarna

Gylfaflöt 16-18 - 112 Reykjavík - S: 586-2800

Aukið öryggi með Dunlop

Hin vinsælu Dunlop-mótorhjóladekk eru til sölu hjá Kletti í Kletta-görðum 8-10. Góð reynsla er af Dunlop hjá íslensku bifhjólafólki.

Dunlop er leiðandi framleiðandi þegar kemur að mótorhjóladekkjum sem endurspeglast í ört stækkandi hópi viðskiptavina,“ segir Halldór Jóhannsson í hjólbarðadeild Kletts. Dunlop er hluti af Goodyear-hjólbarðaframleiðandanum en Klettur hefur verið umboðsaðili fyrir Goodyear síðastliðin 60 ár.

„Dunlop er með dekk fyrir allar gerðir mótorhjóla, bæði fyrir keppnis-, götu-, ferða- og utanvegahjól. Einnig eru þeir með sérstaka línu fyrir Harley Davidson hjól. Við erum því með dekk sem henta við allar aðstæður á Íslandi,“ lýsir Halldór.

Mest seldu Dunlop-dekkin hjá Kletti eru götuhjóladekk en fast á hæla þeirra koma keppnisdekk sem eru sérstaklega gerð fyrir brautarakstur eða motocross, bæði fyrir malbik og mól.

Aukið öryggi

Halldór segir afar mikilvægt að huga vel að dekkjum mótorhjóla. „Tenging hjólanna við veginn eru bara tveir litlir fletir og algert öryggisatriði að vera á góðum nýlegum dekkjum. Eigendur götuhjóla sem eru lítið keyrð geta lent í því að dekkinn verði of gömul en



Halldór Jóhannsson í hjólbarðadeild Kletts mælir með Dunlop.

við það missa þau aksturseiginleika sína. Það er því ekki nóg að skoða hvort nægt mynstur sé eftir ef dekkið er orðið gamalt.“

Ýmsar nýjungar

Í ár hafa komið nýjar gerðir af nokkrum tegundum Dun-

lop-dekkja. Til dæmis Dunlop Roadsmart III sem eru ætluð fyrir stærri og þyngri hjól sem eiga að geta ekið hratt í beygjum. „Nýja hönnunin leiðir til þess að betra er að beygja og akstur í bleytu er öruggari. Einnig á ending þeirra að aukast um tíu prósent.“

Halldór nefnir einnig nýja týpu af Dunlop SportSmart 2 sem er nýtt Sport og Touring-dekk. „Það er gert úr nýrri gerð af gúmmí-blöndu sem heldur betur í sér hitanum sem hentar vel fyrir okkar hnattstöðu. Meiri hiti gefur meira grip sem leyfir ökumanninum að halla sér meira í beygjum og það eykur jafnframt akstursánægjuna.“

Komin er ný hönnun á Dunlop Elite 4 fyrir þung hjól, Dunlop GP Racer D212 er nýtt dekk frá keppnisdeildinni fyrir brautarakstur á malbiki og Dunlop Geomax AT81 er nýtt endingargott Cross Country dekk fyrir þá sem hafa gaman af að aka á malarvegum og slóðum.

Þá er Klettur einnig með þrjár gerðir af dekkjum fyrir utanvega-brautarakstur. Sanddekk sem heita MX11, gras- og sanddekk sem heita MX3S og sand- og malardekk sem heita MX52. „Þannig að úr nægu er að velja,“ segir Halldór að lokum.



Dunlop er með dekk fyrir allar gerðir mótorhjóla.

RÉTTU GRÆJURNAR
GERA GÆFUMUNINN

GOLFBÍLAR

Yamaha golfbílar eru fáanlegir í mörgum útfærslum, ýmist með rafmagns- eða bensínmótor.

WOLVERINE-R

Vinnubjarkur með kröftugt útlit og aflmikla vél, hannaður til að fara með þig ótroðnar slóðir.

YXZ1000R

Sportbíl með aflmikla vél og einstaka fjöðrun. Bíll sem kemur adrenalínu af staði!

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is



Eyþór segir mestan áhuga á svokölluðum ferðahjólum sem BMW kallar Adventure Motorcycles og að markaðurinn sé allur að lifna við. Hér er Eyþór á ferð um Fjallabak nyrðra,

Námskeiðin auka færnina

Reykjavík Motor Center, eða RMC, hefur síðastliðin fjögur ár staðið fyrir þjálfunarnámskeiðum fyrir mótórhjólaáhugamenn á æfingasvæðum BMW í Þýskalandi og á Spáni. Ferðirnar, sem eru farnar einu sinni á ári, eru hugsaðar fyrir fólk sem vill koma sér í form fyrir vorið og ná upp akstursfærni við erfiðar aðstæður.

Við förum yfirleitt upp úr miðjum apríl svo okumenn séu klárir þegar hjólatímabilið hefst í lok apríl, byrjun maí,“ segir Eyþór Örlygsson, eigandi RMC. „Hingað til hefur verið um að ræða fimm daga pakka. Tveir dagar fara í ferðalagið fram og til baka en þrír í námskeiðið. Það fer fram á sérstöku æfingasvæði BMW og fara leiðbeinendur yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við akstur þessara þungu ferðahjóna við erfiðar aðstæður, ásamt því að þjálfra líkamsbeitingu við þessar sömu aðstæður,“ útskýrir Eyþór.

Aðspurður segir hann þátttakendur keyra erfiða slóða, fara í krappar beygjur og æfa sig á undirlagi sem er blautt og sandborið en allt er þetta góður undirbúningur fyrir þá sem ætla sér að keyra við íslenskar aðstæður. „Það er einmitt það sem vakir helst fyrir okkur. Að auka öryggi viðkomandi öku-manna og annarra í umferðinni og fækka þannig slysum.“

Eyþór segir ferðirnar hafa mælst afar vel fyrir en þær eru bæði hugsaðar fyrir byrjendur og lengra komna og er þátttakendum skipt upp í hópa á æfingasvæðinu eftir getu. „Svo sér maður þá vaxa í getu

á meðan á námskeiðinu stendur.“

Miðað er við að þátttakendur í hverri ferð séu um það bil fjórtán og er matur og gisting innifalin. Þátttakendur fá afnot af hjóli en þurfa að koma með eigin búnað. „Hingað til höfum við farið mest til Þýskalands en nú síðast vorum við á Spáni þar sem BMW er með samskonar æfingasvæði. Á næsta ári stendur til að fara til Suður-Afríku þar sem þeir eru líka með aðstöðu en sú ferð mun standa í átta daga þar sem þrír dagar fara í námskeið og þrír í hjólaferð. Sú ferð er fyrirhuguð í kringum 19. apríl 2018.“ Eyþór segir Evrópuferðirnar kosta um 350.000 á mann, með öllu. „Við gerum ráð fyrir að Suður-Afríkuferðin muni kosta um 450.000 miðað við gengi dagsins í dag.“

Reykjavík Motor Center býður aðallega upp á BMW-mótórhjól. „Þeir eru stærsti einstaki framleiðandinn í svokölluðum ferðahjólum sem BMW kallar Adventure Motorcycles. Þetta eru ekki götu-hjól og ekki torfæruhjól heldur þarna á milli og liður jafn vel á malbiki og á Sprengisandi.“ Eyþór segir mestan áhuga á slíkum hjólum og að markaðurinn sé allur að lifna.

Að sögn Eyþórs tala þeir sem



Námskeiðin hafa farið fram á æfingasvæðum BMW í Þýskalandi og á Spáni. Til stendur að fara til Suður-Afríku að ári.

“Farið er yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við akstur þessara þungu ferðahjóna við erfiðar aðstæður, ásamt því að þjálfra líkamsbeitingu.

hafa sótt námskeiðin um að þeir verði miklu öruggari á sínu eigin hjóli á hálendinu og við aðrar krefjandi aðstæður á eftir. „Það er að okkar mati góður vitnisburður og þá er markmiðinu náð.“



Á mótorhjólum um Víetnam

Eiríkur Viljar er nýlega kominn heim úr tíu daga mótorhjólareisu um Víetnam. Þar eru aðstæður almennt nokkuð góðar og útsýnið ægifagurt.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Mótorhjólið er skemmtilegur fararskjóti þegar ferðast er víða í Asíu. Það þekkir Eiríkur Viljar Hallgrímsson Kúld vel en hann hefur á undanförunum árum ferðast um á mótorhjól í Kína, Myanmar og Tailandi. Hann er nýlega kominn heim úr tíu daga mótorhjólaferð frá Víetnam en þá ferð skipulagði hann sjálfur í samvinnu við ferðaskrifstofuna Farvel. „Kynni mín af mótorhjólaferðum um Asíu byrjuðu eftir að ég lauk háskólanámi í sagnfræði en þá fór ég til Víetnams með tveimur vinum mínum. Við ákváðum að kaupa okkur mótorhjól og tókum mánuð í að hjóla frá norðri til suðurs.“ Rúmu ári síðar hélt hann til Kína þar sem hann ferðaðist um á mótorhjól á þremur mánuðum um Kína og Myanmar. „Þar uppgötvaði ég fyrst fyrir alvöru mótorhjól sem ferðamáta og vildi ólmur miðla minni reynslu og upplifun með ferðaprystum Íslendingum.“

Innsýn í daglegt líf

Ferðalag hópsins hófst í Hanoi, höfuðborg Víetnams, eftir stutt stopp í Bangkok. „Fyrsti dagurinn fór í að slaka á, safna orku og skoða Hanoi. Þar var nóg að sjá og skoða enda er borgin virkilega lifandi og skemmtileg. Degi síðar sóttum við hjólin okkar sem eru af gerðinni Honda 250crf en þau henta virkilega vel fyrir vegina og slóðirnar í Norður-Víetnam.“

Í upphafi var tekinn tími til að venjast hjólinum í Hanoi og nágrenni, þá aðallega umferðinni en hún er einstök í alla staði að sögn Eiríks. „Næstu dagar fóru í að hjóla um sveitir og þorp Norður-Víetnams, í gegnum hrísgrjónaakra og skóga, alveg þangað til við komum upp í fjöllin til Dong Van sem er bær við landamæri Kína. Þar stoppuðum við í tvo daga enda nauðsynlegt að hlaða batterið og slaka á eftir góða keyrslu.“

Fritíminn var nýttur í að skoða landslagið, þvælast um markaði og borða nóg af dýrindis vietnömskum mat og kaffi. „Endurnærðir héldum við niður úr fjöllunum í átt að Ba Be þjóðgarðinum sem er þekktur fyrir að vera heimili margra mismunandi þjóðernishópa. Þar gistum við í heimahúsi hjá fjölskyldu við



Eiríkur í Mai Chau dal, rétt fyrir utan Hanoi. Hann flaug þremur dögum fyrr út til að undirbúa ferðina.

“Vegirnir sjálfir eru mismunandi, frá malbikuðum hrauðbrautum yfir í torsótt fjallavegi og allt þar á milli. Skellinöðrur og vespur eru á hverju götuhorni.

Ba Be vatn og var virkilega gaman og áhugavert að fá innsýn í daglegt líf heimamanna. Morgunninn var tekinn eldsnemma, enda beið okkar langur og taugatrekkjandi hjóladagur inn í Hanoi aftur.“

Glaðir nemendur

Eiríkur segir aðstæður fyrir mótorhjólafólk nokkuð góðar í Víetnam að því leyti að landið býður upp á hrikalega flottar og skemmtilegar hjólaleiðir. „Í suðri er hlýtt og rakt hitabeltisloftslag þar sem kaffiákrar og strandlengjur fá að njóta sín á meðan hrísgrjónaakrar og fjallgarðar eru meira áberandi í norðurlhluta landsins. Vegirnir sjálfir eru mismunandi, frá malbikuðum hrauðbrautum yfir í torsótt fjallavegi og allt þar á milli. Skellinöðrur og vespur eru á hverju götuhorni og eru aðal samgöngutækin í Víetnam. Umferðin í borgunum getur að því leyti verið fremur þung þar sem rúmar 93 milljónir manna búa í Víetnam og nánast allir eru á vespum. Í sveitum landsins eru þó



Dong Van var einn af eftirminnilegustu viðkomustöðum ferðarinnar.



Einn hápunktur ferðarinnar var heimsókn í afskekktan skóla hátt uppi í fjöllum Víetnams. Hópurinn gaf nemendum góðar og gagnlegar gjafir.

aðstæður allt aðrar, minni umferð, ferskt fjallaloft og framandi útsýni.“ Fyrir utan ferðalagið sjálft segir Eiríkur að hápunktur ferðarinnar hafi verið heimsókn í afskekktan skóla hátt uppi í fjöllum Víetnams. „Hópurinn tók sig til, keypti lita- og stílabækur, penna, nammi og fleira, útbjó litla poka og gaf öllum nemendum skólans sem voru um 40 talsins. Það var virkilega áhugavert að bera saman aðstöðu skólans við það sem við þekkjum hér heima á Íslandi. Hlutir líkt og stílabækur og pennar eru sjaldséðir í sveitum Víetnams, þá sérstaklega í afskekktum fjallabæjum, og úr varð hjartnæm stund þegar við mættum á skóla-tíma og afhentum gjafapokana. Gleðin var mjög mikil, bæði hjá krökkunum og okkur!“

Indland heimsótt næst

Næst á dagskrá hjá Eiríki er mótorhjólaferð um hæstu fjallvegi heims á Indlandi. „Þá munum við fljúga til Delhi og halda þaðan til Manali sem er fjallabær í 2.000 metra hæð. Þar munum við hoppa á hin fallegu og sígildu Royal Enfield hjól og halda upp í Kasmírhérað Indlands. Þetta verður tólf daga ferð þar sem farið verður í gegnum blómlega dali með blaktandi bænaflöggum, hátt upp í hlíðar Himalajafjalla. Hápunkturinn, bókstaflega, verður svo Khardung La, margrómaður fjallvegur í rúmlega 5.300 metra hæð, einn hæsti vegur heims sem aðgengilegur er mótorhjólum. Ég er sannfærður um að þetta verður mögnuð ferð í alla staði og upplifun sem hópurinn mun seint gleyma.“

Bækur um mótorhjólaferðalög

Margar bækur hafa verið skrifaðar um ferðalög á mótorhjólum. Hér eru þrjár sem vert er að skoða áður en haldið er af stað, nú eða bara til að láta sig dreyma. Jupiter's Travel eftir Ted Simon sem fór í heimsreiðu á mótorhjól snemma á áttunda áratugnum. Hann fór til meira en 45 landa á mótorhjól og endurtók síðan ferðina þegar hann var orðinn sjötugur. Lýsingar hans á ferðinni þykja einstaklega lifandi og skemmtilegar. Long Way Round eftir leikarana Ewan McGregor og Charley Boorman en þeir fóru á BMW-mótorhjólum frá London til New York. Hvor um sig skrifaði ferðasögu og er gaman að lesa um skemmtilega karaktera sem þeir hittu á leiðinni. Þeir fara ekki djúpt í efnið en lesandinn finnur hversu



Margar bækur hafa verið skrifaðar um ferðalög á mótorhjólum.

gaman þeir höfðu af ferðalaginu. Mótorhjóladaðgæurnar eftir Ernesto „Che“ Guevara og Alberto Granada um ferð þeirra um Suður-Ameríku er löngu orðin klassik. Við lestur hennar kemur fram hvernig ferð á vegum úti getur breytt fólki, ólíkt flugferðum. Þetta er kraftmikil og skemmtileg bók.

Bifhjóla- og fornbílasýning í Brákarey

Mótorhjólaklúbburinn Raftar í Borgarnesi og Fornbíla-fjellag Borgarfjarðar standa fyrir Bifhjóla- og fornbílasýningu 2017 í Brákarey í Borgarnesi laugardaginn 13. maí frá klukkan 13 til 17. Ýmislegt skemmtilegt ber fyrir augu gesta en aðgangur er ókeypis. Haldið verður upp á 50 ára afmæli Camaro, þá mætir Snigill númer 1, Hilmar Lúthersson, á staðinn og haldið verður svifnökkvasýning. Sýningin er ávallt vel sótt



Sýningin verður haldin í Brákarey í Borgarnesi.



enda hafa bæði ungir og aldnir gaman af því að skoða falleg mótorhjól og glæsilega fornbíla. Boðið verður upp á kaffi- og vöfflusölu fyrir gesti og gangandi. Allir eru velkomnir.

BESTIR Í HJÓLUM



HONDA Vt 750 c.
Árgerð 2006, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 790.000. Rnr.260302.



BMW F650 gs.
Árgerð 2008, ekinn 18 Þ.KM, bensín, .
Verð 1.090.000. Rnr.260311.



HONDA Cb 600 fd.
Árgerð 2008, ekinn 18 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 640.000. Rnr.250347.



HONDA Vt 1100c.
Árgerð 1990, ekinn 37 Þ.MÍLUR, bensín, .
Verð 540.000. Rnr.250357.



HONDA Cb 600 fd.
Árgerð 2011, ekinn 7 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 850.000. Rnr.270299.



SUZUKI Gsr600.
Árgerð 2007, ekinn 15 Þ.KM, bensín, .
Verð 640.000. Rnr.139943.



SUZUKI Vs 1400gp.
Árgerð 2007, ekinn 12 Þ.MÍLUR, bensín, .
Verð 600.000. Rnr.250341.



SUZUKI Vz 800 marauder.
Árgerð 2008, ekinn 2 Þ.MÍLUR, bensín, 5 gírar.
Verð 750.000. Rnr.130156.



BMW R1200gs.
Árgerð 2005, ekinn 17 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
Verð 1.640.000. Rnr.250338.



SUZUKI Vz 800 marauder.
Árgerð 2008, ekinn 2 Þ.MÍLUR, bensín, 5 gírar.
Verð 750.000. Rnr.130156.



HONDA Nc700xa.
Árgerð 2012, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.140.000. Rnr.250305.



HONDA Vtx-n.
Árgerð 2004, ekinn 29 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.350.000. Rnr.270491.



SUZUKI Vzr1800.
Árgerð 2008, ekinn 29 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.190.000. Rnr.270303.



HARLEY DAVIDSON Softail fxstbi night train.
Árgerð 2013, ekinn 12 Þ.KM, bensín, .
Verð 2.190.000. Rnr.250312.



HONDA Vtx 1800c2.
Árgerð 2003, ekinn 15 Þ.MÍLUR, bensín, .
Verð 1.050.000. Rnr.250326.



HARLEY DAVIDSON Touring fhltci electra glide.
Árgerð 2006, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 2.990.000. Rnr.270255.



HONDA Cbf 1000 a.
Árgerð 2008, ekinn 10 Þ.KM, bensín, .
Verð 1.180.000. Rnr.260344.



HONDA Cbf 1000 a.
Árgerð 2008, ekinn 10 Þ.KM, bensín, .
Verð 1.180.000. Rnr.260344.

hjól.is
bestir í hjólum...

Opnunartímar: Mán – fös 9-18 • Lau. 11-14 • Sun. Lokað
Malarhöfði 2a, 110 Rvk. - www.hjol.is – Sími 577 4565

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR HJÓL
Á STAÐINN OG SKRÁ**

Fer oftast varlega

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir veit ekkert betra en að ferðast um ókunn lönd á mótorhjólinu með óljóst ferða-plan og lítið annað en hengirúm í farangrinum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég tók prófið í lok sumars 2014, og keypti svo hjól vorið 2015. Núna á ég hjól af gerðinni Honda Shadow, en það væri gaman að skipta því út og eignast annað í staðinn sem ég gæti jafnvel dundað mér við að breyta. Enn sem komið er hjóla ég mest á götunni, en stefni á að æfa mig í motocrossi til þess að geta síðan farið í ferðalög hvert sem er," segir Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, mótorhjólakappi með meiru.

Ásrún er stödd í Taílandi þar sem hún nýtur þess að ferðast um á mótorhjólinu og borða góðan mat.

„Á ferð minni núna í Taílandi hef ég notið þess að prófa hin ýmsu mótorhjól og farið í nokkrar ferðir um landið. Það sem stendur upp úr er vikuferð um norðurhluta landsins á hjóli af gerðinni Kawasaki Versys. Þetta er í annað sinn sem ég hjóla hér en við mamma komum hingað þar síðustu jól og hjóluðum aðeins," segir Ásrún. Þetta er þó fjarri því hennar fyrsta mótorhjól-ferð.

„Ég hef hjólað bæði heima, farið hringinn og styttri ferðir. Fyrsta ferðin mín var hringferð um Ísland með stoppi á Eistnaflugi og hún var einstaklega lærdómsrík. Ég fór með góðum hópi og lærði margt. Það fór þó ekki betur en svo að ég

Það er eitthvað við mótorhjól, hljóðin, lyktina og stemninguna í kringum þau sem heillar mig mikið.

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir

datt á fyrsta degi, á brú yfir Jökulsá. Ég slasaðist sem betur fer ekki og komst í Neskaupstað. Þó var hjólið heldur laskað en með góðri aðstoð komst ég allan hringinn reynslunni rikari. Eftir þessa ferð varð ekki aftur snúið. Síðasta sumar fór ég ein í tveggja mánaða mótorhjólaferð um Evrópu. Ég heimsótti tíu lönd og hjólaði um 8.000 kílómetra, gisti í hengirúminu mínu, klifraði og kynntist fullt af áhugaverðu fólki. Vegirnir úti voru unaðslegir, sérstaklega í Þýskalandi og Austurríki, en fjallvegirnir í Frakklandi voru ævintýrlegir. Það var dásamlegt að hafa ekkert skýrt plan, lítið af farangri, hjóla bara þangað sem mig lysti og hengja svo upp hengirúmið góða þegar ég varð þreytt."

Spurð hvað heilli mest við mótorhjólin segist Ásrún upp-lífa umhverfið á allt annan hátt á mótorhjóli en innilokuð í bíl.

„Það er ótrúleg frelsistilfinning að keyra mótorhjól, þú ert svo nálægt umhverfinu og upplifunin af því öllu er mjög sterk. Það er eitthvað við mótorhjól, hljóðin, lyktina og stemninguna í kringum þau sem heillar mig mikið. Svo hefur það mikið að segja hversu mörgum góðum vinum ég hef kynnst í gegnum þau," segir hún og vill ekki kannast við að gefa óhóflega í. „Ég fer oftast varlega."

Áttu einhver önnur áhugamál en mótorhjól?

„Ég klifra flesta daga, finnst gaman að elda og dansa og fer í sveitina við hvert tækifæri.

Mér finnst fátt betra en góð úti-lega, helst undir berum himni, ekki verra að geta sofíð í hengirúminu en nota þó tjaldið mikið. Það er svo gaman að vera úti allan sólarhringinn, og allt bragðast betur eftir góða fjallgöngu."



Á góðum degi í Evrópureisunni en þá heimsótti Ásrún tíu lönd og svaf í hengirúminu sínu þegar hún þurfti hvíld.



BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir
fást hjá:

